

Lýsing á tækinu (til hvers og fyrir hvern?)

Rýninganga um skóla (e. pedagogical walk-through) er farin til að leggja mat á umhverfi í leik- og grunnskólum með umbætur í huga. Fyrst gengur hópur kennara leiddur af leiðangursstjóra um svæði skólans og skráir hjá sér hvernig þau styðja við þá tegund starfs sem þar fer fram. Þessu er fylgt eftir með umræðum um innra og ytra umhverfi og hvernig því mætti breyta og það bæta. Rýningöngum hefur verið beitt í ýmiss konar samhengi með blönduðum teymlum fagfólks og börnum á ýmsum aldri. Rýninganga um skóla er fyrst og fremst tæki fyrir kennara í skólum af ýmsum gerðum til að átta sig betur á þýðingu áþreifanlegs umhverfis fyrir kennslu og nám og hvernig það megi þróa.



Leiðbeiningar (beiting)

Fimm manna hópur dugur vel til rýningöngu um skóla. Biðjið hópinn að lesa leiðbeiningar áður en ganga hefst. Leiðangursstjóri velur svæðin þar sem numið er staðar (fimm svæði nægja) og fær öllum eyðublöð til útfyllingar (sjá [hér](#)). Gott er að leggja til grunn-teikningar og tæki til að taka ljósmyndir. Svæði getur til dæmis verið stofa eða gangur.

- Við hvert stopp á rýningöngunni skal biðja þátttakendur hvern og einn að taka sér 5 til 10 mínútur til að skrá í sniðmátið: a) hvaða nám og kennslu megi helst stunda þar, b) hvað þyki jákvætt og styðjandi og c) hvað þyki neikvætt og heftandi. Dæmi um hluti til að skoða eru húsgögn og fyrirkomulag þeirra, búnaður og tækni, sveigjanleiki, sjónlínur, aðgengi, stærð, hljómburður, lýsing og loftgæði. Loks á að skrá d) hugmyndir um umbætur. Leiðangurstjóri tekur ljósmyndir.
- Safna á hópnum saman að lokinni rýni á hverjum stað til að bera stuttlega saman skráningar, athuganir og sjónarmið. Byrjið á því sem fram gæti farið á staðnum og fáið fram sjónarmið allra í hópnum, víkið svo að möguleikum á sama hátt og svo framvegis. Tryggið að þátttakendur skiptist á um að vera fyrstir til að deila sjónarmiðum sínum með öðrum í hópnum. Sá sem leggur upp gönguna skráir punkta á meðan umræður fara fram og safnar saman skráningarblöðum.

Leiðbeiningar (greining)

Rýnigöngur um skóla gefa færi á að kanna námsumhverfi eins og það er og vekja fólk sem þar starfar saman til ígrundunar sem kann að leiða til nýrra lausna og betra námsumhverfis.

Að göngu lokinni tekur leiðangursstjóri saman helstu niðurstöður á skráningarblöðunum. Samantektir ásamt ljósmyndunum sem teknar voru eru leiddar saman í eitt skjal. Þetta samsetta efni má svo nota sem útgangspunkt við þróun á námsumhverfinu.



Rýniganga um skóla

Staður 1: SKRÁIÐ HÉR!

Hvað fer fram á staðnum?

Jákvætt/möguleikar

Neikvætt/takmarkanir

Tillögur að umbótum

Staður 2: SKRÁIÐ HÉR!

Hvað fer fram á staðnum?

Jákvætt/möguleikar

Neikvætt/takmarkanir

Tillögur að umbótum

Frekari bjargir

Kvikmynd sem sýnir rýnigöngur til mats á húsnæði skóla með mismunandi fagfólki og nemendum má sjá [hér](#)

Lesefni

de Laval, Suzanne. (2014). Gáturer – Metod för dialog och analys. Byggtjänst. Stockholm.

de Laval, Suzanne, Frelin, Anneli & Grannäs, Jan. (2019). Ifous fokuserar – Skolmiljöer. Utvärdering og erfarenhetsåterföring i fysisk skolmiljö. Stockholm: Ifous.

Tenglar að verkefninu: <https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/projects/eplu-project-details/#project/2019-1-UK01-KA201-061954>

Twitter: @ILEHIGSE1 #CollaborativeReDesignwithSchools

Nánari upplýsingar: Anneli Frelin (anneli.frelin@hig.se) eða Jan Grannäs (jan.grannas@hig.se)



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

